

Athugasemdir við tillögur Vesturbyggðar varðandi byggðakvóta Brjánslækjarhafnar (gamla Barðastrandarhrepp) árið 2021/2022

Dags:31.01.2022

Meðfylgjandi með þessu bréfi er bréf útgerðaraðila í Brjánslækjarhöfn sem sent var Vesturbyggð þann 27.jan. 2022.

Mótmælt er afgreiðslu og rökstuðningi Vesturbyggðar um að gætt sé hagsmuna byggðarlagsins í tillögum sveitarfélagsins. Ljóst er að bátar frá Brjánslækjarhöfn hafa ekki sótt um vinnsluskyldan byggðakvótann þar undanfarin 3. ár vegna sýnilegs taps á þeim viðskiptum svo og vegna annars óhagræðis, þannig hefur byggðakvóti þessa byggðarlags fallið niður undanfarin ár. Rökstuðningur Vesturbyggðar um að viðhalda áfram vinnsluskyldu byggðarkótans þar er því auðljóslega andstæður lögum um byggðakvóta þar sem segir. „Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmun viðkomandi byggðarlag.“

Oddi hf. á Patreksfirði mun og hafa gefið það út til seljenda og til atvinnunefndar Vesturbyggðar að Oddi taki ekki við fiski sem veiddur sé inni á fjörðum og bera þar fyrir sig gæðamál, en með þessu skilyrði eru bátar frá Brjánslækjarhöfn í raun útilokaðir frá því að sækja um byggðakvótann.

Hér að neðan er rökstuðningur fyrir því hvers vegna smábátar sem gera út frá Brjánslækjarhöfn hafa ekki séð sér hag í að sækja um byggðakvótann með skilyrðum um vinnsluskyldu þar undanfarinn ár, uppfært 28jan.2022.

Bátur A: leigir til sín kvóta og selur á markað.

Leiga 2 tonn á kr.330.000 pr.tonn x 2 = kr.660.000 alls. Veiðir 2.380 kg. ósl. meðalvigt 3 kg. selt á markaði á kr.430 pr.kg. alls kr.1.023.400 mínus leiga kr.660.000 = **kr.363.400**

(róið þá daga sem fiskverð er hátt, fiskur seldur óveiddur og tekinn á bryggjunni)

Bátur B: fær byggðakvóta selur í föstum viðskiptum.

Fær eitt tonn í byggðakvóta og leigir annað tonn á móti. Leiga 1 tonn kr.330.000 alls. Veiðir 2.380 kg. ósl. meðalvigt 3 kg. selt í föstum viðskiptum í Odda hf. á kr.280 pr.kg. alls kr.666.400 mínus leiga kr.330.000 =kr.336.400, (mínus akstur með fisk 2,380 kg. að vinnslu 100 km x kr.400 = kr.40.000) = **kr.296.400**

(ef afli dagsins er aðeins t.d. 1.140 kg. á dag þá tvöfaldast kostnaður við akstur til vinnslu)

Fh. Áratogs ehf
Bjarni Kristjánsson